



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingasamning við Thorsil ehf um kísilmálmverksmiðju í Helguvík, mál. Nr. 420.

Samtökin fagna því að verkefni Thorsil sé að verða að veruleika. Framgangur verkefnisins sýnir að fjárfesting á Íslandi er að taka við sér en fjárfestingarstig hefur um langt árabil verið lágt.

Samtökin styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum. Samtökin telja þó æskilegt að ekki þurfi að koma til lagasetningar fyrir hvert og eitt verkefni af þessu tagi, heldur verði sett almenn lög sem gildi um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var slíkt fyrirkomulag viðhaft um nokkurra ára skeið, á meðan í gildi voru lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Bjarni Már Gylfason'.

Bjarni Már Gylfason